Kópavogi, 5. júní 2026
26051989/ EML

# Sunnubraut 29

## Umsókn um byggingarleyfi

### Umsögn skipulagsfulltrúa

Á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þann 8. maí 2026 var byggingarleyfisumsókn lóðarhafa Sunnubrautar 29, móttekið 5. febrúar 2026, um að breyta 29,9 m$^2$ óskráðu bátaskýli í íbúðarrými með tengingu í núverandi íbúð vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.




*Mynd 1. Loftmynd af umræddri lóð. Tekin af kortavef Kópavogs.*

Sunnubraut 29 er á suðurhluta Kársness. Lóðin er 572 m$^2$ að flatarmáli og á henni er eitt einbýlishús á tveimur hæðum og bílskúr með heildar byggingarmagni 356,2m$^2$. Á neðri hæð undir bílskúr er óskráð bátaskýli, 29,9 m2 að stærð tengt íbúðarhúsinu. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,62.



*Mynd 2. Ásýnd frá götu.*

## Forsendur í fyrirliggjandi áætlunum, aðal- og deiliskipulagi.

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 er landnotkun skilgreind sem íbúðarbyggð, ÍB-1. Í kafla 2 um byggð er fjallað um svæðið. Lágreist og nokkuð fastmótuð byggð í elda hverfi bæjarins. Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir lóðina. Í aðalskipulagi kemur fram að breytingar á einstökum lóðum eða hluta götureita í eldri hverfum bæjarins, þar sem ekki er deiliskipulag í gildi, skuli ekki raska yfirbragði aðliggjandi byggðar. Götureitir eldri hverfa bæjarins teljast að mestu fullbyggðir og skulu því áhrif breytinga eða nýrra bygginga metin út frá svipmóti þeirrar byggðar sem fyrir er þannig að hún falli sem best að yfirbragði hverfisins.




*Mynd 3. Hluti út þéttbýlisuppdrætti Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040*




*Mynd 4. Gildandi mæliblað að lóðinn*

## Byggingarleyfisumsóknin

Sótt er um að 29,9 m² ósamþykkt bátaskýli verði breytt í íbúðarrými og verði hluti af núverandi húsnæði. Ytra byrði hússins breytist, gluggum fjölgar, núverandi gluggar stækkaðir og hurðum bætt við. Hluti lóðar lækkar svo hægt sé að bæta við gólfsíðum gluggum og hurðum og auka birtuskilyrði neðri hæðar. Grafa þarf út botnplötu bátaskýlis til að ná 2,5 m lofthæð. Komið er fyrir heitum potti á suðvesturhluta lóðar. Fyrirhugað er að skipta út ónýtu þaki. Hæð hússins helst óbreytt og ekki er verið að breyta hæð lóðarmarka. Byggingarmagn eykst úr 356,2 m² í 386,1 m². Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,62 í 0,67.





Grunnmynd 1.hæð 1:100



SNIÐ A-A 1:100

Breytingar:

Verkheiti: **SUNNUBRAUT 29**
AÐALUPPDRÆTTIR

Verkhluti: GRUNNMYND 1. HÆÐ, SNIÐ A-A
Teikninganúmer: 101, 201
Verknúmer: SU_29
Staðgreinir: L116128
Landnúmer: F2065467
Mælikvarði: 1:100
Teiknað: HGV
Yfirfarið: ÁÞ
Dagsetning: 05.02.2026 uppfært 26.05.2026
Útgáfa:

Árný Þórarinsdóttir, kt 290179 5489

Helga Guðrún Vilmundardóttir, kt 080379 4719

**STÁSS ARKITEKTAR**
Skipholti 23, 3.hæð, 105 Reykjavík
stass.is stass@stass.is

Helga Guðrún Vilmundardóttir, helga@stass.is 865 1330
Árný Þórarinsdóttir, arny@stass.is 868 4469



Grunnmynd jarðhæð 1:100



SNIÐ B-B 1:100

Breytingar:

Verkheiti: **SUNNUBRAUT 29**

Verkhluti: GRUNNMYND JARÐHÆÐ, SNIÐ B-B
Teikninganúmer: 102, 202
Verknúmer: SU_29
Staðgreinir: L116128
Landnúmer: F2065467
Mælikvarði: 1:100
Teiknað: HGV
Yfirfarið: ÁÞ
Dagsetning: 05.02.2026 uppfært 26.05.2026
Útgáfa:

Árný Þórarinsdóttir, kt 290179 5489

Helga Guðrún Vilmundardóttir, kt 080379 4719

**STÁSS ARKITEKTAR**
Skipholti 23, 3.hæð, 105 Reykjavík
stass.is stass@stass.is

Helga Guðrún Vilmundardóttir, helga@stass.is 865 1330
Árný Þórarinsdóttir, arny@stass.is 868 4469




Breytingar

**Byggingu skjal að jafnaði skrá sem einn matshluta. Undantekning frá þeirri reglu er þegar byggingarfræðileg rök mæla með sjálfstæðri skráningu s.s. burðarvirki eða byggingarlag, enda geti hún staðið sjálfstæð samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar.**

## Skráningartafla: Sunnubraut 29, Kóp.

Reikna

**Landeignanúmer:** L116128  
**Matshlutanúmer:** 01  
**Fjöldi matshluta á landeign:**  
**Skrásetjari:** Ragna Þóra Ragnarsdóttir  
**Kennitala:** 090464-4509  
**Dags.:** 26.1.2026  
Staðgreinir:

ATH. Að villutékka vinnublað í einingar áður en það er reiknað

Leiðbeiningar

Brúttóflötur: 386,1 m²  
Brúttó rúmmál: 1.243,1 m³  
Birt flatarmál: 386,1 m²  
Skiptarúmmál: 896,857 m³

**Útgáfa: 5.03**

© 2023 Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Borgartúni 21, 105 Reykjavík.

**Skráningartafla:** Sunnubraut 29, Kóp.  
**Landeignanúmer:** L116128  
**Matshlutanúmer:** 01  
Prenta  
Útgáfa: 5.03  
**Skrásetjari:** Ragna Þóra Ragnarsdóttir  
**Kennitala:** 090464-4509  
**Dags.:** 26.1.2026  
Breytingar

**Uppskipting og lýsing** / **Stærðir**

| D0 Lokun | D1 Rými hæð-röð | D2 Notkun texti | D3 Höfuð-flokkun | D4 Eignar-hald | D5 Botnflötur m² | D5M Milliflötur m² | D6 Stigar m² | D7 Op m² | D8 Brúttóflötur m² | D9 Brúttóflötur sh < 1,8 | D10a Salarhæð min | D10b Salarhæð max | D11 Brúttó rúmmál m³ | D12 Nettóflötur m² | D13 Birt flatarmál m² | D14 Reiknitala skiptarúmmáls | D15 Skipta-rúmmál m³ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | **Matshluti** | | | 557,6 | 0,0 | 4,1 | 5,5 | 386,1 | 166,0 | | | 1.243,1 | 320,8 | 386,1 | | 896,857 |
| | | **Botn** | | | | | | | | | | | 39,5 | | | | |
| | 01 | **1. hæð** | | | 197,3 | 0,0 | 4,1 | 0,0 | 197,3 | 0,0 | | | 518,0 | 166,9 | 197,3 | | |
| A | 0101 | **Íbúð** | N | 0101 | 197,3 | | 4,1 | | 197,3 | | 2,60 | 2,63 | 518,0 | 166,9 | 197,3 | 2,63 | 438,947 |
| | 02 | **2. hæð** | | | 360,3 | 0,0 | 0,0 | 5,5 | 188,8 | 166,0 | | | 685,6 | 153,9 | 188,8 | | |
| A | 0201 | **Íbúð** | N | 0101 | 166,0 | | | 5,5 | 160,5 | | 2,90 | 2,90 | 481,4 | 129,4 | 160,5 | 2,90 | 375,260 |
| A | 0202 | **Bílskúr** | B | 0202 | 28,3 | | | | 28,3 | | 2,70 | 2,70 | 76,4 | 24,5 | 28,3 | 2,70 | 66,150 |
| A | 0203 | **þakrými** | V | 0101 | 166,0 | | | | | 166,0 | 0,50 | 1,25 | 127,8 | | | | |
| C | 0204 | **svalir** | S | 0101 | 16,5 | | | | 16,5 | | | | | | | 1,00 | 16,500 |
| C | 0205 | **útitröppur** | U | 0101 | 6,5 | | | | 6,5 | | | | | | | | |

**Athugasemdir**

| Eignar-hald | Notkun texti | Birt flatarmál m² | Skiptarúmmál m³ án sameignar | Skiptarúmmál Séreign og sameign m³ |
|---|---|---|---|---|
| 0101 | **Íbúð** | 357,8 | 830,707 | 830,707 |
| 0202 | **Bílskúr** | 28,3 | 66,150 | 66,150 |
| | **Alls** | **386,1** | 896,857 | **896,857** |

| | Lóð m² | Botnplata: Botnplata m² | Botnplata m² | Hjúpfletir: Útveggir m² | Þar af: Glugga- og dyraop m² | Þak m² | Þar af: Þakgluggar og þakop m² | Efsti hæðarkóti | Ummál ofanjarðar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Matshluti** | 572,0 | 39,5 | 197,3 | 380,5 | 113,0 | 198,5 | | | 68,2 |

| Yfirlit | D5 Botnflötur m² | D5M milliflötur m² | D7 op m² | D8 Brúttóflötur m² með V og F | D9 Brúttóflötur undir 1,8 m með V og F | D11 Brúttórúmmál m³ | D12 Nettóflötur m² | D13 birt flatarmál m² |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A rými | 391,6 | | 5,5 | 386,1 | | 1.075,8 | 320,8 | 386,1 |
| Svalir A lokun | | | | | | | | |
| B rými | | | | | | | | |
| C rými | 23,0 | | | | | | | |
| Fylgirými (F) | | | | | | | | |
| Afgangsrými (V) | 166,0 | | | 166,0 | 166,0 | 127,8 | | |
| Botnplata | | | | | | 39,5 | | |
| Samtals: | **580,6** | **0,0** | **5,5** | **552,1** | **166,0** | **1.243,1** | **320,8** | **386,1** |

Flatarmál nýtingarhlutfalls er A rými + B rými, undanskilið er brúttóflatarmál rýma með salarhæð lægri en 1,8 m, samkvæmt skipulagsreglugerð 2013 (breyting var gerð 2016). Notkun rýma hefur ekki áhrif á útreikning nýtingarhlutfalls.

| | m² | Lóð m² | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Flatarmál til útreiknings nýtingarhlutfalls | **386,1** | **572,0** | **0,68** |

Breytingar:

SUNNUBRAUT 29  
Verkheiti: AÐALUPPDRÆTTIR  
Verkhluti: SKRÁNINGARTAFLA  
Teikningarnúmer: 801  
Verknúmer: SU_29  
Staðgreinir: L116128  
Landnúmer: F2065467  
Mælikvarði:  
Teiknað: HGV  
Yfirfarið: ÁÞ  
Dagsetning: 05.02.2026 uppfært 26.05.2026  
Útgáfa:

Árný Þórarinsdóttir, kt 290179 5489  
Helga Guðrún Vilmundardóttir, kt 080379 4719

**STÁSS ARKITEKTAR**  
Skipholti 23, 3.hæð, 105 Reykjavík  
stass.is stass@stass.is

Helga Guðrún Vilmundardóttir, helga@stass.is 865 1330  
Árný Þórarinsdóttir, arny@stass.is 868 4469

*Mynd 5. Innsend hönnunargögn*

Kópavogsbær



## Umsögn og niðurstaða

Sótt er um að taka í notkun óskráð rými sem er til staðar og við það eykst byggingarmagn hússins og nýtingarhlutfall lóðarinnar. Ekki er verið að gera breytingar á lögun hússins. Lagt er til að samþykkja að grenndarkynna byggingarleyfisumsóknina fyrir hagsmunaaðilum Sunnubrautar 27 og 31.

F.h. skipulagsfulltrúa
Elín Mjöll Lárusdóttir
Arkitekt

Rafræn skilríki

Undirritað af: Elín Mjöll Lárusdóttir

Tími: 08.06.2026 14:15
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign